

Berist til:

FRÉTTABRÉF

25. árg. 3. tbl.

DESEMBER 2010

Efni fréttabréfsins:

- **Formannspistill**
Um stöðuna í hjaraviðræðum
- **Desemberuppbót**
- **Frá formanni Síðanefndar FJN**
- **Drög að síðareglum náttúrufræðinga**
- **Endurskoðun á starfsreglum Síðanefndar FJN**
- **Frá Orlofshúsanefnd FJN**
Könnun á viðhorfi félagsmanna til reksturs orlofshúsa
- **Umsóknir úr Vísindasjóði**
Umsóknarfrestur er til 20. desember 2010
ef óskað er eftir að greiðslan berist fyrir jól



**Félag íslenskra náttúrufræðinga óskar félags-
mönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegrar hátíðar
og farsældar á nýju ári**



Fréttabréf FJN

Skrifstofa FJN er í
Borgartúni 6, 3. hæð
105 Reykjavík

Opið alla virka daga frá kl.
09:00-12:00 og
13:00-16:00

Sími: 568-9616
Fax: 568-9619
Farsími: 864-9616
Netfang: fin@bhm.is
Veffang: www.fin.is

Starfsmenn á skrifstofu:

Páll Halldórsson,
formaður

Marianna H. Helgadóttir,
framkvæmdastjóri

Margrét Rafnsdóttir
Skjala- og upplýsinga-
fulltrúi

Útgefandi:
FJN

Ábyrgðamaður:
Marianna H. Helgadóttir

Upplag:
1340 eintök

Prentun
Umslag



Desemberuppbót

Starfsmaður sem er við störf fyrstu viku nóvembermánaðar fær greidda persónuuppbót 1. desember ár hvert miðað við fullt starf tímabilið 1. janúar til 31. október. Desemberuppbót í ár verður **að lágmarki** sem hér segir:

- **Ríkið:** kr. 44.100,-*
- **Reykjavíkurborg:** kr. 50.000,-*
- **Launanevnd sveitarfélaga:** 72.365.-*
- **Almenni vinnumarkaðurinn:** Vísað til ákvæða í ráðningasamningi.

*Ofangreindar tölur eru frá árinu 2008 þar sem ekki hefur verið samið um desemberuppbót fyrir árið 2010.

Formannspistill

Um stöðuna í kjaraviðræðum

Með aðild að stöðugleikasáttmálanum sumarið 2009 féllst félagið á að fresta kauphækkunum fram til haustsins 2010 gegn því að fallist yrði á kyrr kjör fram á haustið 2010 en í því fólst að megináhersla var lögð á að verja kjör og störf. Jafnframt var stjórnvöldum gefið ráðrúm til að takast á við afleiðingar kreppunnar. Þrátt fyrir góð fyrirheit virðist þessi ráðstöfun hafa dugað skammt.

Kaupmáttur hefur haldið áfram að falla þann tíma sem stöðugleikasáttmálinn hefur verið í gildi og þau fjárlög sem nú eru í smíðum á Alþingi gera ráð fyrir verulegum samdrætti og launafyrstingu hjá ríkinu, sama á við um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga. Það er ljóst að tekjur ríkisins hafa dregist verulega saman. Þess sjást hinsvegar engin merki að stjórnvöld ætli að bregðast við þeim vanda með öðru en að keyra niður kjör starfsmanna. Því eru takmörk sett hve langt er hægt að ganga í því efni og þar er sannarlega komið að endamörkum.

Vinnumarkaðurinn er alþjóðlegur og það er alvarleg ógnun við íslenskt samfélag ef laun verða áfram verulega lægri hér en í nágrannalöndunum. Við sjáum þessa þegar merki í landflóttu þar sem 10 manns hafa yfirgefið landið á hverjum degi að meðaltali síðustu 2 árin. Festist þessi launamunur í sessi og verði Ísland láglaunaland í samanburði við nágrannana mun það hafa alvarlegar afleiðingar til frambúðar. Það gerir málið enn alvarlegra að

hér hefur menntun ekki verið metin til launa og þar af leiðandi er samanburður launa háskólamanna við umheiminn ekki líklegur til að draga menntað fólk til landsins, eða halda því hér.

Viðfangsefni komandi missera er því að ná upp kaupmætti launa og sjá til þess að menntun sé metin til launa. Í samræmi við þetta eru þær kröfur sem félagið hefur sett fram fyrir komandi samninga. Kröfugerð félagsins hefur verið kynnt og rædd á fjölda vinnustaðafunda sem haldnir hafa verið á undanförunum vikum. Helstu atriði almennrar kröfugerðar félagsins eru eftirfarandi:

Gildistími samnings:

- Að samið verði til eins árs. Í núverandi óvissuástandi er lengri samningur ekki raunhæfur.

Launahækkun:

Að launahækkunir verði eftirfarandi:

- Lágmarkslaun náttúrufræðinga verði 300.000,- kr.
- Laun hækki við undirritun þannig að kaupmáttur ráðstöfunartekna verði sá sem hann var við undirritun stöðugleikasáttmála í júní 2009.
- Á samningstímabilinu verði unnið að því að ná kaupmætti kauptaxta eins og hann var í júní 2008.
- Að orlofsuppbót verði hækkuð.
- Að desemberuppbót verði hækkuð.

Vinnutími og fl.:

- Vinnuvikan verði stytt í 37,5 stundir að meðtöldum hléum.
- Að ákvæði um lágmarkshvöld verði gerð skýrari og aukin.
- Að í miðlægum samningi verði áréttað að ferðatími sé vinnutími.
- Að ekki sé þak á fjölda daga sem starfsmaður getur tekið út í fríi í stað yfirvinnu.
- Þegar sérstakur frídagur fellur á almennan frídag sé það bætt að fullu með viðbótarfrídögum.

Lengdur uppsagnarfrestur:

- Í alla samninga félagsins komi inn ákvæði sem tryggja lengri uppsagnarfrest fyrir eldri starfsmenn.
- Sé starfsmanni sagt upp eftir a.m.k. 10 ára samfelldu starfi hjá stofnun eða fyrirtæki, er uppsagnarfrestur 4 mánuðir ef starfsmaður er orðinn 55 ára, 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára og 6 mánuðir þegar hann er orðinn 63 ára. Starfsmaður getur hins vegar sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða fyrirvara.

Veikindaréttur:

- Að bæta réttindi þeirra sem af heilsufarástæðum geta ekki sinnt starfi sínu nema í skertu starfshlutfalli.
- Að veikindi teljist í stundum en ekki dögum.

- Að réttur vegna veikinda barna verði aukinn og jafnframt útvíkkaður þannig að hann gildi um nána aðstandendur s. s. maka og foreldra.
- Að ákvæðum um veikindarétt verði breytt og miðað við staðgengilslaun þar sem það á við, þannig að veikindi eða slys hafi sem minnst áhrif á tekjur. Þar sem miklar vinnulotur ráða miklu um tekjur hafa veikindi sem lenda á tíma þar sem slíkar lotur verða, veruleg áhrif á árstekjur. Leita verður leiða til að koma í veg fyrir þetta.

Tryggingar:

- Sömu slysatryggingarupphæðir gildi hvort heldur starfsmaður er í starfi eða utan starfs.
- Ef starfsmaður er á vegum vinnuveitenda utan vinnustaðar gilda sömu ákvæði og um vinnustað m.t.t. veikinda og bóta fyrir skemmdir á persónulegum munum.

Réttarstaða:

- Aðilar setji saman vegvísi til að þróa einn vinnumarkað á Íslandi.
- Að kostnaður starfsmanns og fjölskyldu hans við búferlaflutning sem til er kominn vegna starfs hans verði bættur að fullu.
- Að tryggja réttarstöðu félagsmanna við breytingar á ríkisstofnunum, s.s. skipulagsbreytingar, samruna, flutning eða breytt rekstrarform.
- Að aðilaskiptalög gildi við samruna/uppskiptingu ríkisstofnana.

Önnur atriði:

- Að greitt verði fyrir tímavinnufólk iðgjöld í alla sjóði og að tímavinnufólk hafi sama ráðningarrétt og starfsmenn tímabundið ráðnir.
- Að tryggð verði réttarstaða félagsmanna í framhaldsnámi.
- Að viðmiðunartímabil fyrir staðgengla í grein 9.1.1. breytist úr 7 í 5 vinnudaga.
- Að réttarstaða trúnaðarmanna verði skýrð og aukin.
- Að tryggðir verði fjármunir til þjálfunar/fræðslu trúnaðarmanna.

Jafnræði í launum:

- Kynbundnum launamun verði útrýmt.
- Að komið sé til móts við stofnanir sem hafa ekki yfir að ráða sértekjum með sérstökum fjárframlögum.

Almennur áskilnaður

Félag íslenskra náttúrufræðinga mun leggja fram ítarlegri kröfur um ofangreind atriði og áskilur sér rétt til að leggja fram frekari kröfur meðan á viðræðum stendur.

Eins og segir hér að ofan er um almenna kröfugerð félagsins að ræða. Kjarasamningar félagsins eru ekki nákvæmlega eins og í sumum kjarasamningum hafa sum ofangreind markmið náðst og í öðrum ekki. Almenn kröfugerð félagsins hefur því verið staðfærð til samræmis við þá kjarasamninga sem gilda hjá ríki, sveitarfélögum og Reykjavíkurborg.

Páll Halldórsson, formaður FÍN

Kynning á drögum að siðareglum FJN og endurskoðun á starfsreglum Siðanefndar FJN

Eins og ráð var fyrir gert, sbr. pistil á Fréttabréfi FÍN í apríl s.l., leggur Siðanefnd FÍN nú fram til kynningar bæði drög að siðareglum FÍN og starfsreglur Siðanefndar FÍN eftir endurskoðun.

Siðanefndin naut ágætrar sérfræðiráðgjafar Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands við vinnu sína og telur nefndin að nú sé kynning fyrir félagsmönnum orðin tímabær. Nefndin hefur að mínum dómi starfað vel og reglubundið að þessu verkefni, miklar umræður hafa farið fram um ýmis álitamál og höfum við reynt eftir megni að taka tillit til þess hve fjölbreytilegum störfum félagsmenn okkar gegna, bæði hjá ríkisstofnunum og á hinum almenna vinnumarkaði. Við teljum að sjálfsgöðu mjög brýnt að ganga frá slíkum reglum, ekki síst vegna umræðna í þjóðfélaginu undanfarin tvö ár um fagleg vinnubrögð, heiðarleika og virðingu, í víðtæku samhengi.

Þá teljum við að samhliða setningu siðareglna þurfi að ganga frá endurskoðaðri útgáfu starfsreglna siðanefndarinnar sjálfrar þannig að skýrt sé hvernig henni beri að starfa innan FÍN.

Við biðjum ykkur, ágætu félagsmenn, að lesa hvort tveggja yfir og tekur nefndin við athugasemdum til 31. desember n.k.. Eftir það verður siðanefndin í stakk búin til að ganga frá endanlegum textum og leggja fyrir aðalfund FÍN til samþykktar, sennilega í febrúar 2011.

Ólafur R. Dýrmundsson, formaður Siðanefndar FÍN

Drög að siðareglum FJN

Tilgangur þessara siðareglna er að efla fagmennsku náttúrufræðinga og til að styrkja fagvitund þeirra. Siðareglur eru settar til að samskipti gangi friðsamlega fyrir sig. Þessar siðareglur eru náttúrufræðingum til leiðbeiningar í starfi.

Náttúrufræðingar skulu ástunda persónuleg og fagleg heilindi í starfi sínu. Með persónulegum heilindum er átt við hegðun sem er í samræmi við góða almenna siðferðisvitund. Með faglegum heilindum er átt við hegðun sem er í samræmi við siðareglur félagsins.



1. Náttúrufræðingar sýna náttúrunni nærgætni og virðingu og gera ekkert sem veldur óþarfri, óskynsamlegri eða hættulegri röskun á náttúrunni.
2. Náttúrufræðingar skulu ætíð beita dómgreind sinni í samræmi við aðstæður og viðhafa fagleg vinnubrögð sem byggja á vísindum og viðurkenndri þekkingu.
3. Náttúrufræðingar axla ábyrgð og virða þau takmörk sem fylgja menntun þeirra og starfi. Náttúrufræðingar gefa einungis ráðgjöf um þau efni sem þeir hafa faglega þekkingu og þjálfun til að fjalla um.
4. Náttúrufræðingar viðhalda þekkingu sinni, færni og hæfni. Þá bera þeir faglega ábyrgð á störfum sínum og virða lög og reglur. Störf þeirra skulu ávallt byggjast á bestu þekkingu á hverjum tíma, og þeir andmæla röngum eða villandi staðhæfingum um viðfangsefni sín. Þeir taka þátt í þróun þekkingar innan fagsins og þroska hæfileika sína.
5. Náttúrufræðingar mismuna ekki fólki á grundvelli kyns, kynþáttar, trúar, félagslegrar stöðu eða annarra óviðeigandi þátta.
6. Náttúrufræðingar skulu sýna hverjum einstaklingi virðingu og heiðarleika.
7. Náttúrufræðingar skulu stuðla að góðum starfsanda á vinnustað.
8. Náttúrufræðingar skulu eiga faglegt samstarf við aðrar stéttir og vera virkir þátttakendur í teymisvinnu þegar það á við.
9. Náttúrufræðingar virða vísindastörf annarra og geta á fullnægjandi hátt heimilda.
10. Náttúrufræðingar skulu í rannsóknum sínum og þróunarvinnu fylgja þeim siðareglum sem þar gilda.
11. Náttúrufræðingar nota faglega dómgreind í allri umfjöllun sinni og sýna öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.
12. Náttúrufræðingar gera ávallt í málflutningi sínum skýran greinarmun á staðreyndum, skoðunum og tilgátum.
13. Náttúrufræðingar upplýsa um möguleg hagsmunatengsl sé um slíkt að ræða.

Meint brot eru kærð til siðanefndar FÍN með skriflegum hætti.

Siðanefnd FÍN setur sér starfsreglur um meðferð á kærnum og skulu þær staðfestar af stjórn félagsins.

Starfsreglur siðanefndar FÍN skulu birtar á vef félagsins.

Endurskoðun siðareglna þessara er á ábyrgð siðanefndar FÍN og skal þeim komið á framfæri til nýrra félaga.

Siðareglur þessar voru samþykktar á aðalfundi Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) þann _____ 2011.

Endurskoðun á starfsreglum Siðanefndar FJN

1. grein

Siðanefnd skal kosin á aðalfundi Félags íslenskra náttúrufræðinga. Hún skal skipuð fimm félagsmönnum og tveimur til vara. Nefndin skal kosin til 2 ára í senn, þó þannig að í fyrsta skiptið skal kjósa tvo aðalmenn og einn varamann til eins árs, en hina til tveggja ára.

2. grein

Siðanefnd FJN starfar samkvæmt siðareglum félagsins.

3. grein

Siðanefnd skiptir sjálf með sér verkum og velur sér formann og ritara.

4. grein

Formaður boðar til fundar eða staðgengill í forföllum hans.

5. grein

Siðanefnd skal halda gjörðabók þar sem skráðar eru fundargerðir og lyktir mála.

6. grein

Erindi til siðanefndar skulu vera skrifleg.

7. grein

Nefndarmönnum ber að gæta fyllsta trúnaðar varðandi störf nefndarinnar og ekki ræða þau nema við þá sem nauðsyn ber til að leita til á hverjum tíma, m.a. vegna gagnaöflunar.

8. grein

Siðanefnd ber að fjalla um öll mál af heiðarleika, óhlutdrægni og fullum drengskap.



9. grein

Tengist nú nefndarmaður máli beint eða óbeint, þ.e. vegna hagsmuna-, fjölskyldu- og/ eða vináttutengsla ber honum tafarlaust að víkja sæti úr nefndinni þar til málið er til lykta leitt. Skal þá varamaður taka sæti hans.

Samþykkt á aðalfundi FÍN _____ 2011

Ábendingar um drög að siðareglum FÍN og starfsreglur siðanefndar

Félagsmönnum gefst kostur á að senda inn ábendingar um drög að siðareglum FÍN og starfsreglur siðanefndar. Frestur til þess er til 31. desember 2010. Ábendingar skulu skráðar inn á heimasíðu félagsins www.fin.is eða að senda ábendingar á netfang félagsins fin@bhm.is. Stjórn siðanefndar mun fara yfir ábendingar sem berast og munu endurskoðuð drög verða send út með fréttabréfi félagsins í janúar nk. Þar sem einnig verður boðað til aðalfundar félagsins í byrjun febrúar 2011. Á aðalfundi félagsins verður hin eiginlega umræða um siðareglur félagsins og atkvæðagreiðsla um þær.



Frá Orlofshúsanefnd FÍN

Upphaf reksturs orlofshúsa FÍN má rekja til ársins 1984 þegar fengin var lóð í landi Syðri Reykja í Biskupstungum (við ána Fullsæl) og fyrsta og eina orlofshúsið sem FÍN á var reist. Einnig hefur um árabíl verið leigt hús af Skógrækt ríkisins í Norðtunguskógi (Skógarkot). Þá hefur félagið skipt við stéttarfélag á Vestfjörðum um leiguvikur yfir sumartímann á móti vikum í Syðri-Reykjahúsinu. Einnig hafa verið leigðar stakar vikur í orlofshúsum á öðrum svæðum.

Starfsemi orlofsnefndar FÍN hófst þegar lítið framboð var á orlofshúsum. Orlofssjóður BHM hafði þó hafið starfsemi í Brekkuskógi nokkrum árum fyrr með stofnun orlofshúsanefndar (OBHM) árið 1974, en fyrstu orlofshús sjóðsins voru tekin í notkun 19. apríl 1978. Síðan þá hefur rekstur orlofssjóðs OBHM eflst jafnt og þétt og rekur sjóðurinn eigin hús, leiguhús og íbúðir ýmist allt árið eða yfir sumartímann. Þessir orlofskostir eru dreifðir víða um landið og einnig erlendis.

Það er því ekki óeðlilegt að félagar í FÍN spyrji sig að því, á hvaða forsendum félagið standi í orlofshúsa-rekstri þar sem þeir hafa fullan aðgang að



orlofshúsum OBHM og greiða kjarasamningsbundið gjald í þann sjóð. Því er til að svara að litið hefur verið á orlofskosti FÍN sem viðbót við framboð OBHM. Það hefur ætíð verið þannig að ekki hafa allir fengið úthlutun sem sækja um hjá OBHM. Sumarúthlutun hjá FÍN hefur jafnan farið fram seinna en hjá OBHM þannig að þeir sem ekki fá úthlutað þar geta einnig sótt um hjá FÍN þó höfnun hjá OBHM sé ekki skilyrði þeirrar umsóknar. Þá hefur FÍN stefnt að því að bjóða uppá orlofskosti sem ekki skarast við orlofskosti OBHM hvað staðsetningu varðar. Við sumarúthlutun hefur verið notast við punktakerfi sem á að tryggja félögum sem sækja sjaldan um hús og hafa verið lengi í félaginu forgang. Það er þó alltaf tilviljunum háð hvernig samsetning umsækjenda er. Auka má til muna líkur á því að fá úthlutun með því að sækja um fleiri vikur.

Um langt skeið hefur verið mikil aðsókn í orlofsbústaðina á vegum FÍN en hún hefur þó aukist verulega á undanförunum árum. Sumartímakostirnir, Flókalundur á Barðaströnd og Blöndalsbúð á Héraði, hafa 100% nýtingu og bústaðirnir sem leigðir eru út allt árið, Fullsæll í Biskupstungum og Skógarkot í Norðtunguskógi í Þverárhlið, sem leigt er af Skógrækt ríkisins, hafa verið með milli 80 og 90% nýtingu. Þessir tveir síðast töldu bústaðir eru einnig nokkuð ólíkir hvað stærð varðar. Fullsæll rúmar vel venjulega fjölskyldu en í Skógarkoti geta nokkuð margir komið saman. Nettó-kostnaður við þennan rekstur hefur á síðustu fimm árum hlaupið frá rétt rúmum 311.000 upp í 1.121.000 krónur á ári sem gerir 240 til 1.100 krónur að meðaltali á hvern virkan félagsmann á ári en fjöldi félagsmanna hefur verið frá 1000 til 1267 á tímabilinu.

Skiptar skoðanir hafa verið meðal félagsmanna FÍN síðustu ár um rekstur félagsins á orlofshúsum. Í framtíðarhorfum stjórnar FÍN sem finna má á heimasíðu félagsins, má lesa að stjórnin sjái ekki fyrir sér áframhald á rekstri orlofshúsa á vegum FÍN eftir árið 2012. Núverandi stjórn hefur gefið það út að hún vilji ekki binda hendur næstu stjórnar eða félagið í þessum rekstri með samningagerðum til lengri tíma eins og gert hefur verið við Skógræktina um leigu á Skógarkoti. Þetta er afar skiljanleg afstaða stjórnarinnar en skapar ákveðinn vanda í starfi orlofshúsanefndar FÍN. Það er að ýmsu að hyggja í svona rekstri ekki síst þegar notkun er mikil, þá er margt sem getur farið aflaga og þarf að laga og bæta. Það er vilji orlofshúsanefndar að bústaðir sem boðið er uppá séu ávallt í sem bestu standi. Margir vilja halda í Skógarkot, þetta er hús á afar skemmtilegum stað og í notalegu umhverfi en Skógræktin er afar fjársvelt stofnun sem ekki hefur bolmagn til að standa undir endurbótum. Forsvarsmenn Skógræktarinnar hafa einnig verið afar jákvæðir í garð FÍN. Því hefur FÍN hlaupið undir bagga og lagt út fyrir framkvæmdakostnaði sem fengist hefur endurgreiddur í lægri leigu. Nokkurra endurbóta er þörf, einkum í Skógarkoti þegar þetta er ritað, en vegna takmarkaðs leigutíma er ekki forsenda til slíkra samninga við Skógræktina og líður því þessi orlofskostur nokkuð fyrir þá óvissu sem skapast í þessari stöðu. Það er því mat orlofshúsanefndar



að brýnt sé að félagið sjálft marki sér ákveðna stefnu í orlofshúsarekstri sínum, ætlum við að halda þessu áfram eða hætta.

Þessi pistill er ætlaður til þess að félagsmenn FÍN leggi höfuð sitt í bleyti varðandi þessi mál og taki afstöðu. Á heimasíðu FÍN stendur yfir könnun á afstöðu félagsmanna til þessa rekstrar og jafnframt geta félagsmenn lagt orð í belg og sagt sína skoðun um leið og þeir taka afstöðu til reksturs orlofshúsa FÍN. Það er svo vilji orlofshúsanefndar að stefnumarkandi ákvörðun verði tekin á næsta aðalfundi um það hvort rekstrinum verði haldið áfram lengur en til 2012 eður ei. Það verður gert með því að á grundvelli umræðna og könnunarinnar verði lögð fram tillaga þar að lútandi á komandi aðalfundi FÍN í byrjun febrúar næstkomandi.

Stjórn Orlofshúsanefndar FÍN



Könnun á viðhorfi félagsmanna til reksturs orlofshúsa

Vinsamlegast svarið eftirfarandi spurningu á heimasíðu FÍN:

- Já, ég vil að FÍN reki og eigi orlofshús
- Nei, ég vil ekki að FÍN reki og eigi orlofshús



Einnig er félagsmönnum veittur möguleiki á að segja sína skoðun.

Vinsamlegast farið inn á heimasíðu félagsins www.fin.is og greiðið ykkar atkvæði eigi síðar en 31. desember 2010 og látið ykkar skoðun í ljósi.

Veiðikortið 2011

Veiðikortið 2011er nú komið í sölu hjá Orlofssjóði BHM á slóðinni <https://secure.bhm.is/orlofsvefur/>. Veiðikortið kostar 3,500 og 10 punktar eru dregnir af punktainneign fyrir hvert kort.



Vísindasjóður

Almennur umsóknarfrestur um greiðslur úr Vísindasjóði FÍN er til 20. desember 2010, eigi greiðsla styrksins að berast fyrir jól. Mögulegt er þó að sækja um til loka janúar 2011 og verða þær umsóknir þá afgreiddar við fyrsta tækifæri.

Sækja skal um styrkinn rafrænt á heimasíðu félagsins : <http://www.bhm.is/fin/umsokn>

Úthlutunartímabilið er frá 1. nóvember 2009 til 31. október 2010.

Rétt til úthlutunar úr sjóðnum hafa sjóðsfélagar sem starfa greitt í sjóðinn. Greitt er í sjóðinn hjá þeim aðilum sem þiggja laun samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Launanevnd sveitarfélaga. Ríkisstarfsmenn eiga ekki rétt úr sjóðnum. Á almennum markaði er hægt að semja um það í ráðningarsamningi að greitt sé í Vísindasjóð FÍN og þá getur sá hinn sami sótt um styrk úr sjóðnum.

Styrkurinn í ár verður 70.000,- kr. miðað við 100% starfshlutfall og verður lagður inn á umsækjendur eigi síðar en 22. desember 2010. Skili greiðsla sér ekki á þeim degi er félagsmönnum bent á að hafa samband við skrifstofu FÍN.

Ábendingar:

Félagsmenn sem greitt er fyrir í sjóðinn og hafa tekið fæðingarorlof á tímabilinu fá þann tíma metinn ef þeir hafa merkt við á „Umsóknareyðublaði um fæðingarorlof“ að þeir óski eftir því að félagsgjald til FÍN sé tekið af greiðslum Fæðingarorlofssjóði. Tilgreina þarf tímabil fæðingarorlofs og hlutfall á umsókninni.

Hafi sjóðfélagi greitt í sjóðinn á síðasta úthlutunartímabili en ekki sótt um hefur hann tækifæri til þess nú. Sækja þarf um sérstaklega fyrir fyrra tímabil.

Ef upp koma vandamál þegar sótt er um styrkinn þá vinsamlegast hafið samband við skrifstofu FÍN í síma 568-9616 eða sendið tölvupóst á netfangið fin@bhm.is.



Félagsmenn — Takið þátt!

Félagsmenn eru hvattir til þess að taka þátt í könnun um orlofshús FÍN og gera athugasemdir við drög að síða- og starfsreglum Siðanefndar sem kynntar eru í þessu fréttabréfi eigi síðar en 31. desember 2010.

Aðalfundur félagsins

Aðalfundur FÍN verður haldinn í 10. febrúar 2011 og þurfa erindi fyrir fundinn að berast eigi síðar en 15. janúar 2011 þannig að þau komist í fundarboðið.



Atvinnuleysir félagsmenn

Félag íslenskra náttúrufræðinga greiðir iðgjöld til Sjúkrasjóðs BHM/Styrktarsjóðs BHM og Orlofssjóðs BHM fyrir félagsmenn sína sem þiggja atvinnuleysisbætur og kjósa að greiða félagsgjald til FÍN.

Félagsmenn FÍN geta einnig fengið styrk frá félaginu, allt að 70 þúsund krónur á hverjum 6 mánuðum vegna námskeiða eða annarra úrræða.

Félagsmenn sem verða atvinnuleysir eru hvattir til að koma í viðtal á skrifstofu FÍN við fyrsta tækifæri.

Orlofshús FÍN í vetur

Opið er fyrir bókanir á orlofshúsum í allt að 2 mánuði fram í tímann. Það er að segja, frá og með 1. desember 2010 er hægt að bóka dvöl í húsunum í desember 2010 og janúar 2011 og þann 1. janúar 2011 verður opnað fyrir bókanir í febrúar 2011, o.s.frv. Vinsamlegast sendið tölvupóst á fin@bhm.is ef bóka á dvöl í húsum félagsins.

Páskavikunum er úthlutað sérstaklega.

Orlofshúsin eru: Fullsæll í Biskupstungum og Skógarkot í Þverárhlíð.

Ábending vegna Skógarkots:

Unnið verður að viðgerð á heitum potti í Skógarkoti strax eftir áramótin.

